



Hjallastefnuna, leiðrétting samkvæmt samningi

Samningur Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar

Í samningi Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar kemur fram, í 2. grein, að einingarverð skuli vera kr. 13.108. Einingaverð skuli uppreikna samkvæmt 10. grein þar sem fram kemur að dvalargildið sé miðað við 50% hlutfall fagfólks, þ.e. leikskólakennara, leikskólaliða og starfsfólks með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Frávik frá 50% hlutfallinu reiknast mánaðarlega til hækkunar eða lækkunar á greiðslum eða 1,47% fyrir hver 5% frávik. Þegar samningur var undirritaður var faghlutfallið 48%. Í 10. grein kemur einnig fram að fjárhæðin sé tengd vísitölu neysluverðs að 1/5 hluta (sem við undirskrift var 416,7) og að 4/5hluta við breytingar á launatöflu félags leikskólakennara samkvæmt launaflokki 116-3. Samningsfjárhæð hækkar í ársbyrjun ár hvert og helst óbreytt út það ár nema til komi launahækkanir skv. Kjarasamningi leikskólakennara. Í slíku tilfalli hækkar launahluti einingarverðs hlutfallslega í takt við breytingar á ofangreindum launaflokk um leið og breytingarnar taka gildi. Hækkun sem tengd er vísitöluhækkun tekur mið af vísitölu nóvember ár hvert.

Í samningi Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar eru ákvæði um endurskoðun á einingarverði leikskólans með samanburði við niðurstöður ársreikninga sveitarfélagsins, þar sem borinn er samann raunkostnaðar við rekstur leikskóla bæjarins að teknu tilliti til hlutfalls fagfólks. Ef um veruleg frávik er að ræða skulu aðilar koma sér saman um eðlilega leiðréttingu á einingarverði á grundvelli meðaltals raunkostnaðar hverju sinni.

Samanburður og endurskoðun

Bæjarstjóri og sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs hafa unnið að samanburði þeim sem tiltekinn er í samningnum með aðstoð frá fjármálasviði. Þá höfum við átt fundi með Hjallastefnunni en forsvarsmenn hennar hafa haldið því fram að það hallaði á Hjallastefnuna í samanburðinum.

Þegar ársreikningar sveitarfélagsins eru skoðaðir kemur í ljós að litlar breytingar hafa orðið í þremur af fimm leiksskólum sveitarfélagsins frá 2015 – þar hefur verið stöðuleiki í barnafjölda og starfsmannamálum. Hækkun hefur orðið bæði á Sólborg og Eyrarskjóli, enda flest börn þar og mest breyting þar bæði á barnafjölda og aldri barnanna milli ára. Hækkun á Sólborg hefur verið meiri en á Eyrarskjóli en það er vissulega alltaf erfitt að bera saman stofnanir sem vinna með fólk.

Þegar skýringa er leitað á mismuni rekstrar Sólborgar og Eyrarskjóls kemur í ljós að hækkun launakostnaðar á Sólborg hefur verið umtalsverð, sér í lagi árið 2016. Síðustu ár hafa verið mjög afbrigðileg í rekstri Sólborgar, þar sem í þriggung hefur verið opnuð 5 ára deild og í tvígang lokað. Þetta hefur skapað aukinn kostnað sem á rætur að rekja til þess að starfsmönnum hefur ekki verið sagt upp í því millibilsástandi sem skapast hefur, skólinn hefur af þessum sökum notið meiri mönnunar en áður.

Í samningi Hjallastefnunnar og Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir að fagfólk sé leikskólakennarar, aðstoðar-leikskólakennarar, starfsmenn með háskólamenntun sem nýtist í starfi og leikskólaliðar. Vissulega er þetta allt fagfólk en þegar skoðað er hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna, þ.e. þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningum KÍ, þá er hlutfall háskólamenntaðra mun hærra á Sólborg heldur en á Eyrarskjóli eða 63% á móti 31%.

Tilboð Hjallastefnunnar

Hjallastefnan gerði Ísafjarðarbæ eftirfarandi tilboð þann 13. október 2017 og ítrekaði það tilboð svo 8. desember með útreikningum því til stuðnings:

2016

Þá fengum við rúmlega 28 milljónum minna borgað en ef við hefðum fengið sama einingaverð og Sólborg.

Tillaga okkar er að við fáum helming af þeirri tölu til okkar. Við viljum sýna sanngirni og þið finnið að við munum ekki nýta það gegn ykkur þó að það hafi gefið á bátinn hjá ykkur. Við erum sátt við niðurstöðuna fyrir 2016 ef við náum þessari lendingu.

2017

Í ár höfum við fengið um 50mi kr minna en sambærilegt einingaverð hjá Sólborg. Við teljum ekki stætt á því að fara fram á sama einingaverð og Sólborg. Skiljum vel að þið viljið fá tækifæri til að skoða málin þar til hlítar.

Tillaga okkar er að við vinnum eftir nýju einingaverð frá 1. janúar 2017 og það verði 19.800 kr, miðað við 50% faghlutfall. Það gerir leiðréttingu fyrir jan.-sept. upp á um 16mi en ekki 50mi. Aftur, við viljum sýna sanngirni og biðjum ekki um meira en við þurfum til rekstursins og halda uppi góðu faglegu starfi.

Við teljum erfitt fyrir okkur að fara lægra en við gerum í okkar tillögum því við höfum sannarlega fundið fyrir lágu framlagi á Eyrarskjóli eins og þið getið rétt ímyndað ykkur miðað við þennan samanburð. Við getum heldur ekki réttlætt að aðrir skólar eða sveitarfélög borgi rekstur á Eyrarskjól en einingaverð til okkar er alltof lágt og hefur verið í langan tíma eins og við sjáum á öllum tölum. Við vitum að þið skiljið þetta svo ósköp vel.

Tilboð Ísafjarðarbæjar

„Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar leggjum við til að framlög til Hjallastefnunnar ehf. vegna Eyrarskjóls fyrir árin 2016 og 2017 verði aukin um sem nemur kr. 5.000.000,- fyrir hvort ár. Þann 20. maí 2014 var undirritað samkomulag, milli Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar ehf., þess efnis að Hjallastefnan fengi fyrirframgreiðslu upp á kr. 3.000.000,- til að mæta innleiðingarkostnaði félagsins. Lagt er til að þessi upphæð verði skuldajöfnuð og því komi til kr. 7.000.000,- greiðslu samtals vegna þessa aukaframlags 2016-2017.

Ísafjarðarbær mun í framhaldinu leggja meiri og markvissari vinnu í að bera kostnað skólanna saman í framtíðinni þannig að samanburður verði auðveldari.

Við endurskoðun samnings vill Ísafjarðarbær að tekið verði sérstakt tillit til þess, við skilgreiningu faghlutfalls, hvort um er að ræða háskólamenntun eða ekki.“

Tilboð þetta var kynnt í bæjarráði þann 8. janúar 2018

Gagntilboð Hjallastefnunnar

Gagntilboð Hjallastefnunnar, sem barst með tölvupósti 29. janúar 2018, hljóðar upp á kr. 10.000.000 eða kr. 5.000.000 fyrir hvort ár 2016 og 2017.

Það er tillaga undirritaðra og bæjarstjóra að gengið verði að þessu gagntilboði Hjallastefnunnar.

MH